



# Verklagsreglur

Samstarf við íslensk félagasamtök  
um mannúðaraðstoð

**Útgefandi:**

Utanríkisráðuneytið

Nóvember 2020

postur@utn.is

[www.utn.is/felagasmotok](http://www.utn.is/felagasmotok)

**Umþrot og textavinnsla:**

Utanríkisráðuneytið, alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofa

©2020 utanríkisráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur .....</b>	<b>5</b>
<b>2. Tegundir styrkja til mannúðaraðstoðar .....</b>	<b>6</b>
2.1 Stakir styrkir til mannúðaraðstoðar.....	6
2.2 Rammasamningar um mannúðaraðstoð .....	6
<b>3. Styrkhæfi, samstarfsaðilar og styrkupphæðir.....</b>	<b>8</b>
3.1 Styrkhæfi félagasamtaka .....	8
3.2 Verkefnasvæði og áherslur.....	9
3.3 Málefnaflokkar og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.....	9
3.4 Styrkupphæð og umsýsla .....	10
3.5 Álagning vegna umsýslu.....	10
3.6 Mótframlag.....	11
<b>4. Gerð umsókna .....</b>	<b>12</b>
4.1 Skráning umsóknar .....	12
4.2 Skráningarferli á íceland.is.....	Err or! Bookmark not defined.
<b>5. Mat á umsóknum .....</b>	<b>13</b>
5.1 Frummat.....	13
5.2 Mat umsókna.....	13
5.3 Gæðaviðmið .....	14
5.4 Tilkynning um úthlutun .....	15
5.5 Trúnaður.....	15
<b>6. Framkvæmd og eftirlit .....</b>	<b>16</b>
6.1 Fjármálastjórnun.....	16
6.2 Misnotkun fjár.....	17

6.3	Frávik .....	17
6.4	Færsla milli fjárhagsára.....	17
6.5	Greiðsla styrkja.....	17
6.6	Úttektir og árangursmat.....	18
6.7	Samningar.....	18
<b>7.</b>	<b>Skýrslur.....</b>	<b>19</b>
7.1	Framvinduskýrslur.....	19
7.2	Lokaskýrslur .....	20
7.3	Reikningsuppgjör.....	20

# 1. Inngangur

Verlagsreglur þessar gilda samhliða reglum nr. 1035/2020 um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu og eiga við um samstarf ráðuneytisins við félagasamtök.<sup>1</sup>

Félagasamtök eru mikilvægir samstarfsaðilar stjórnvalda í þróunarsamvinnu. Verlagsreglur þessar hafa stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023 að leiðarljósi.<sup>2</sup> Þar segir m.a. að veitt verði framlög til verkefna á vegum félagasamtaka á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar. Unnið verði samkvæmt stefnumiðum og verlagsreglum um samstarf við íslensk félagasamtök og jafnframt horft til þess að styðja félagasamtök á vettvangi í samstarfs- og áherslulöndum. Stuðningur við félagasamtök miði að því að leggja lóð á vogarskálarnar í þágu sjálfstæðs, þróttmikils og fjölbreytilegs borgarasamfélags í þróunarlöndum sem berjist gegn fátækt í hinum ólíku birtingarmyndum hennar. Jafnframt beinist stuðningurinn að því að styrkja hið íslenska borgarasamfélag til að standa vörð um lýðræði og mannréttindi fátækra og þeirra sem búa við mismunun. Verkefni félagasamtaka skuli, eins og önnur verkefni íslenskra stjórnvalda, hafa mannréttindi, kynjajafnrétti og sjálfbærni að leiðarljósi.

Hlutverk styrkveitinga utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka í til mannúðaraðstoðar er m.a. að hvetja til þátttöku og framlags þeirra til á alþjóðlegum vettvangi. Markmið verkefna skulu vera í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, áherslur stjórnvalda í alþjóðlegrí þróunarsamvinnu Íslands og vísa í alþjóðleg neyðarköll eftir því sem við á.

Í verlagsreglum þessum verður farið yfir þau verkefni sem teljast styrkhæf til mannúðaraðstoðar á vegum íslenskra félagasamtaka.

Verlagsreglurnar eru birtar með fyrirvara um breytingar í kjölfar yfirstandandi óháðrar ytri úttektar á málaflokknum.

<sup>1</sup> Sjá nánar: Upplýsingar varðandi samstarf við fyrirtæki má finna á vef stjórnarráðsins [www.utn.is/samstarfssjodur](http://www.utn.is/samstarfssjodur).

<sup>2</sup> Sjá nánar: Stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023: <https://www.althingi.is/altext/149/s/0416.html>

## 2. Tegundir styrkja til mannúðaraðstoðar

Mannúðaraðstoð hefur það hlutverk að vernda almenna borgara þegar vá steðjar að, hvort sem er vegna náttúruhamfara eða af manna völdum. Í neyðaraðstæðum eru börn oft í mikilli hættu og hætta eykst á kynferðislegu og kynbundu ofbeldi. Með framlögum Íslands er sérstök áhersla lögð á berskjaldaða hópa, að vinna að kynjajafnrétti og gegn hvers konar mismunun.

Útgangspunktur Íslands með þátttöku í þessu starfi er að halda í heiðri alþjóðleg mannúðarlög og samþykktir. Framlög Íslands byggja á þeirri grundvallarsýn að mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi og sjálfstæði sé besta leiðin til að vernda almenna borgara og tryggja aðgengi þeirra að aðstoð.

Íslensk stjórnvöld reiða sig í ríkum mæli á samstarf við fjölbjóðastofnanir og félagasamtök á sviði mannúðaraðstoðar. Forsendur stuðnings eru að áreiðanlegar þarfagreiningar liggi fyrir og að köllin samræmist stefnu Íslands. Áhersla er lögð á stuðning til fátækra og óstöðugra ríkja. Stuðningur Íslands miðast við að mæta þörfum þeirra sem mest þurfa að halda og að aðstoðin sé skilvirk og veitt tímanlega.

Áherslur og fjármögnun mannúðaraðstoðar skal vera gagnsæ og stefnumiðuð, en þó skal leitast við að viðhalda sveiganleika og tryggja skjóta fjármögnun til verkefna. Einkum er veitt mannúðaraðstoð í gegnum félagasamtök eftir tveimur megin leiðum:

- Stakir styrkir til mannúðaraðstoðar
- Rammasamningar um mannúðaraðstoð

### 2.1 Stakir styrkir til mannúðaraðstoðar

Veittir eru styrkir til mannúðaraðstoðar til að svara alþjóðlegum áköllum vegna neyðar. Auglýst er eftir umsóknum að jafnaði í byrjun hvers árs. Opið er fyrir umsóknir allt árið með fyrirvara um að fjárhheimildir kunni að vera fullnýttar áður en árið er liðið.

### 2.2 Rammasamningar um mannúðaraðstoð

Ráðuneytið getur gert rammasamninga við félagasamtök um þróunarsamvinnu eða mannúðaraðstoð að undangenginni auglýsingu. Sá fjárhagsrammi sem rammasamningar byggja á tekur mið af fyrri úthlutunum og starfi samtakanna. Félagasamtök sem gert hafa rammasamning við ráðuneytið eru ekki styrkhæf til stakra styrkja til sams konar verkefna og rammasamningur nær til en ráðuneytið áskilur sér þó rétt til að leita til samtaka vegna tiltekinna ákalla um neyð sem Ísland hyggst svara.

Með gerð rammasamnings er félagasamtökum tryggt fé til að bregðast skjótt við áköllum til mannúðarverkefna. Samtökin skuldbinda sig jafnframt til að fylgja þeim skilmálum sem ráðuneytið setur fram í verklagsreglum þessum og tilheyrandi samningi við ráðuneytið.

Að undangenginni auglýsingu geta félagasamtök sótt um til ráðuneytisins til að gera rammasamning en skilyrði er að samtökin hafi reynslu á sviði mannúðaraðstoðar og öfluga samstarfsaðila á vettvangi.

### 3. Styrkhæfi, samstarfsaðilar og styrkupphæðir

Sækja má um styrki til verkefna sem unnin eru í eigin nafni félags, verkefna sem unnin eru í samstarfi við samtök í samstarfslandinu (samstarfsaðila) og til verkefna á vegum alþjóðlegra félagasamtaka eða í samvinnu við önnur félög. Mikilvægt er að verkefnin svari verkefnahluta sem fellur innan alþjóðlegs ákalls, t.d. mannúðarákalli frá OCHA (e. Humanitarian Response Plan) eða öðru sambærilegu ákalli.

Styrkþegi skal, ef kostur er, taka virkan þátt í verkefninu jafnvel þó að þriðji aðili inni þau af hendi. Slík hlutdeild getur falist í undirbúnungi, beinni þátttöku í verkefni, eftirliti, úttekt eða útsendu starfsliði.

Frjálsum félagasamtökum, þ.m.t. landsnefndum stofnana Sameinuðu þjóðanna, er ekki heimilt að sækja um styrki til mannúðarverkefna fyrir hönd stofnana Sameinuðu þjóðanna og styrkir af Íslands hálfu sem ætlaðir eru frjálsum félagasamtökum skulu ekki renna til reksturs stofnana Sameinuðu þjóðanna. Hér er átt við uppruna verkefnaskjals, þ.e. ekki er heimilt að fjármagna verkefni sem unnin eru af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Markmið styrkveitinganna er að hvetja borgarasamfélagið til þátttöku í alþjóðlegri mannúðaraðstoð, með því að bjóða upp á samfjármögnun verkefna þeirra. Slíkir styrkir til félagasamtaka renna til verkefna þeirra eða samstarfsaðila sem einnig tilheyra borgarasamfélaginu.

#### 3.1 Styrkhæfi félagasamtaka

Styrkhæf félagasamtök skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Vera skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem félagasamtök, skv. rekstrarformi eða starfsgreinaflokkun, eða vera skráð sem félag til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri skv. lögum nr. 119/2019.
- Skulu ekki rekin í hagnaðarskyni (e. non-profit).
- Hafa sett sér lög og starfandi stjórn.
- Félagsmenn, styrktaraðilar eða stuðningsaðilar séu minnst 30 talsins.
- Hafa lagt fram staðfestan ársreikning.

Félagasamtök sem sækja um styrk þurfa að uppfylla kröfur sem Ríkisendurskoðun gerir um meðferð og vörlu fjármuna á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar.<sup>3</sup>

<sup>3</sup> Sjá nánar leiðbeiningar Ríkisendurskoðunar á: <https://www.utn.is/felagamtok>

Vakin er athygli á því að fyrir styrki hærri en 4 m.kr. skulu samtök hafa lagt fram ársreikninga áritaða af opinberri endurskoðunarstofnun sem er aðili að INTOSAI eða endurskoðunarfyrirtæki sem starfar skv. alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (IFAC) sl. tvö ár.

Styrkþegar þurfa jafnframt að hafa gert fullnægjandi skil vegna fyrri styrkja.

### 3.2 Verkefnasvæði og áherslur

Auk þess sem verkefni skulu svara alþjóðlegu mannúðarákalli hverju sinni þá eru styrkir til mannúðaraðstoðar bundnir við verkefni í ríkjum á lista þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD-DAC) um viðtökulönd opinberraðstoðar.<sup>4</sup> Áhersla er lögð á samstarf við ríki sem eru lágtekju- og lágmillitekjuríki auk smáeyþróunarríkja. Lista yfir gjaldgeng lönd má finna á [www.utn.is/felagamtok](http://www.utn.is/felagamtok).

Ráðuneytið áskilur sér rétt til að auglýsa eftir umsóknum um styrki til ákveðinna verkefnasvæða eftir því sem við á.

Verkefni skulu einnig vera í samræmi við þá úthlutunarskilmála sem settir eru fram í 6. gr. reglna um styrkveitingar til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020, þ.m.t. eftirfarandi:

- Verkefni skulu vera í samræmi við stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu, þá einkum hvað varðar þverlæg málefni þ.e. jafnréttis- og umhverfismál ásamt því að vera mannréttindamiðuð.
- Verkefnið stríði ekki gegn áætlunum og þörfum samstarfslandsins.

### 3.3 Málefnaflokkar og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Allar umsóknir skal flokka eftir málefnaflokkum þróunarsamvinnu (e. purpose codes) skv. skilgreiningu þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD DAC).<sup>5</sup>

Mannúðarverkefni falla undir tiltekna málefnaflokkja þróunarsamvinnu (e. purpose code) númer 720 (emergency response). Hægt er að flokka verkefni í fleiri en einn málauflokk og skal þá skila inn prósentu hlutfalli milli flokkanna sem valdir eru.

Verkefni sem sótt er um styrk fyrir skulu einnig falla að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þurfa umsækjendur að gera grein fyrir því að hvaða

<sup>4</sup> Sjá nánar viðtökulönd þróunaraðstoðar: <http://www.oecd.org/dac/financing-sustainable-development/development-finance-standards/daclist.htm>

<sup>5</sup> Sjá nánar málefnaflokkja OECD DAC: <http://www.oecd.org/development/financing-sustainable-development/development-finance-standards/purposecodessectorclassification.htm> og á [www.utn.is/felagamtok](http://www.utn.is/felagamtok)

heimsmarkmiði/miðum verkefnið vinnur, þar með talið undirmarkmiða hverju sinni. Mest má telja fram 10 atriði í umsókninni.<sup>6</sup>

### 3.4 Styrkupphæð og umsýsla

Styrkur til mannúðaraðstoðar getur numið 95 prósentum af heildarkostnaði þess (þ.m.t. umsýslukostnaði) og verður mótfamlag félagasamtaka að vera minnst 5 prósent.

Þetta þýðir að sé styrkupphæð ein milljón króna, þurfa framlög félagasamtakanna að nema 50.000 kr. Ákvörðun um upphæð einstakra styrkja er tekin í samræmi við fjármuni til ráðstöfunar.

Í rammsamningum er kveðið á um þann fjárhagsramma sem félagasamtök hafa til ráðstöfunar yfir þriggja til fjögurra ára tímabil. Allir samningar eru þó gerðir með fyrirvara um heimildir á fjárlögum um framlög til málafloksins á ári hverju.

Inni í heildarkostnaði skal gera ráð fyrir allri umsýslu umsækjanda vegna verkefnisins, s.s. eftirliti og kynningum (þess ber að geta að hér er ekki átt við þann lið sem kallast „monitoring and evaluation“ í eiginleiri verkefnisáætlun sem alltaf er hluti af kostnaði á vettvangi). Í kynningum skal koma fram að verkefni séu hluti af opinberri þróunaraðstoð Íslands. Ekki er gerð athugasemd við að hluti kostnaðar komi frá þriðja aðila, en gera skal grein fyrir hvaða aðilar komi að fjármögnun verkefnisins og í hverju framlag þeirra sé fólgιð. Nánar er fjallað um mótfamlag hér að neðan.

Útreikningur á umsýslu og kostnaðarskipting	
Kostnaður á vettvangi skv. fjárhagsáætlun (þ.m.t. eftirlit og úttektir)	1.000.000 kr.
Álagning v. umsýslu á Íslandi (3%)	30.000 kr.
Heildarkostnaður	1.030.000 kr.
Sótt um 95% af heildarkostnaði	978.500 kr.
Eigið framlag samtaka	51.500 kr.

### 3.5 Álagning vegna umsýslu

Félog sem vinna verkefnin á vettvangi, þ.e. sjálf eða í nánu samstarfi við heimamenn, mega verja að hámarki 10 prósentum af heildarkostnaði til umsýslu og geta fært hann sem óbeinan kostnað.

Hámark umsýslukostnaðar verkefna sem eru undir yfirstjórn alþjóðasamtaka og krefjast lítillar umsýslu íslensku samtakanna er þrjú prósent. Gera skal skýra

<sup>6</sup> Sjá nánar heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: <https://www.heimsmarkmidin.is/> og <https://sdgs.un.org/goals>

grein fyrir kostnaði vegna umsýslu styrkþega í umsóknum og því í hverju hún felst.

### 3.6 Mótframlag

Gerð er krafa um að lámarki 5% mótfraumlag af heildarkostnaði við verkefnið vegna mannúðaraðstoðar. Í umsókn skal gera ítarlega grein fyrir því hvernig mótfraumlagi styrkþega verði háttað.

Hægt er að uppfylla mótfraumlagið með eigin fjárfraumagi eða með fjárfraumagi annarra samstarfsaðila. Mótframlag má ekki greiða með opinberum styrkjum, hvorki íslenskum né erlendum. Í umsókn skal tilgreina aðra styrki sem verkefnið hefur tryggt sér eða gerir ráð fyrir á styrktímanum.

Mótframlag er skilgreint sem beint fjárfraumag og er ekki heimilt að tiltaka eigin kostnað sem launakostnað eða vinnu (e. in-kind) sem mótfraumlag í verkefnum ætluðum til mannúðaraðstoðar.

## 4. Gerð umsókna

Umsóknum skal skilað til utanríkisráðuneytisins í tölvupósti á [felagamtock.styrkir@utn.is](mailto:felagamtock.styrkir@utn.is) og skal nota til þess tiltekið umsóknareyðublað sem finna má á [www.utn.is/felagamtok](http://www.utn.is/felagamtok).

Vinsamlegast athugið að umsóknum um þróunarsamvinnustyrki og, kynningar- og fræðslu styrki skal skila í gegnum rafrænt umsóknarferli á Ísland.is. Nánari upplýsingar um ferlið má finna í verlagsreglum fyrir viðeigandi styrki.

### 4.1 Skráning umsóknar

Nálgast má þar til gert umsóknareyðublað inná [www.utn.is/felagamtok](http://www.utn.is/felagamtok) undir flípanum fyrir mannúðaraðstoð.

Öllum umsóknum skulu fylgja gögn sem staðfesta styrkhæfi umsækjanda skv. 3. gr. reglna um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til fyrirtækja og félagasamtaka í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020 og þeim hlaðið upp í viðeigandi skrefi í umsóknarferlinu.

Almennar leiðbeiningar um verkefnislýsingu, sniðmát fyrir tímaramma, fjárhagsáætlun og rökramma má finna á vefsvæði ráðuneytisins ([www.utn.is/felagamtok](http://www.utn.is/felagamtok)).<sup>7</sup> Eru sniðmátin ætluð til leiðbeiningar um hvaða efnispætti skjölin skulu innihalda. Er félagasamtökum frjálst að aðlaga merki og útlit sniðmátsins eftir því sem við á.

---

<sup>7</sup> Sjá nánar: <https://www.utn.is/felagamtok>

# 5. Mat á umsóknum

## 5.1 Frummat

Áður en umsókn fer til umfjöllunar hjá matshópi fer starfsmaður ráðuneytisins yfir umsóknir og kannar hvort þær uppfylli lámarkskröfur.

Ef einhverjar upplýsingar vantar skal láta umsækjanda vita og gefst umsækjendum kostur á að gera bragarbót innan fimm virka daga. Ef fylgigögn berst ekki innan þess tíma er umsókn hafnað vegna formgalla og svarað með viðeigandi skýringum.

Styrkhæf félagasamtök skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Vera skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem félagasamtök, skv. rekstrarformi eða starfsgreinaflokkun, eða vera skráð sem félag til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri skv. lögum nr. 119/2019.
- Ekki vera rekin í hagnaðarskyni (e. non-profit).
- Hafa sett sér lög og starfandi stjórn.
- Félagsmenn, styrktaraðilar eða stuðningsaðilar séu minnst 30 talsins.
- Hafa lagt fram staðfestan ársreikning.
- Hafa lagt fram verkefnaskjal og önnur fylgigögn.

## 5.2 Mat umsókna

Ráðherra úthlutar styrkjum af fengnu áliti matshóps sem skipaður er þremur einstaklingum með sérþekkingu á málaflokknum. Matshópur vinnur út frá skilgreindum gæðaviðmiðum, verklagsreglum þessum og reglum um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020.

Umsóknir skulu metnar á faglegum forsendum og þeim gefnar einkunnir á grundvelli gæðaviðmiða. Gæðaviðmiðin byggjast á stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu og sýna hlutfallslegt vægi matsþátta og taka mið af tilgangi stuðnings utanríkisráðuneytisins við verkefni félagasamtaka. Auk formskilyrða er litið til þáttu eins og gildis verkefnis fyrir markhópinn, sjálfbærni verkefna, færni og getu umsækjenda til að framkvæma verkefnið og ná árangri.

Einnig skal horft til þáttu líkt og reynslu samtaka af neyðar- og mannúðarstörfum, hvort samtök og samstarfsaðilar á vettvangi hafi lýðræði, mannréttindi og jafnrétti að leiðarljósi og halda í heiðri grundvallarreglur um mannúðaraðstoð.

Við mat á verkefnum þar sem tiltekinnar sérþekkingar er þörf, getur hópurinn leitað álits annarra sérfræðinga. Matsaðilum er skylt að upplýsa um hagsmunatengsl sín við einstök verkefni eða umsóknaraðila. Séu slík tengsl fyrir hendi, skal sá aðili segja sig frá mati á viðkomandi verkefni.

Rýnihópur alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu fjallar um styrkveitingarnar á grundvelli fyrirliggjandi álitsgerðar matshóps og gildandi leiðbeininga. Endanleg ákvörðun um styrkveitingu er í höndum ráðherra.

### 5.3 Gæðaviðmið

Stuðningur Íslands við mannúðaraðstoð skal fylgja alþjóðlegum viðmiðum um góða starfshætti og félagasamtök skulu skuldbinda sig til að stuðla að ábyrgð, skilvirkni og markvirkni í framkvæmd mannúðarverkefna.<sup>8</sup> Þetta felur m.a. í sér að félagasamtök skulu gera þá kröfu að framkvæmdaaðilar fylgi viðurkenndum starfsaðferðum, að aðstoðin sé í samræmi við þarfir og byggist á þarfagreiningum framkvæmdaaðila.

Taka skal tillit til þess að framkvæmd mannúðaraðstoðar felur jafnframt í sér að tryggja öryggi mannúðarastarfssólks. Þá skal eftir megni tryggja þátttöku viðtakenda í móton, framkvæmd, eftirliti og mati að því marki sem mögulegt er. Mannúðaraðstoð skal enn fremur vera sveigjanleg, taka mið af breytilegum þörfum viðtakenda og taka tillit til aðgerða annarra aðila á vettvangi. Lögð er rík áhersla á að mannúðaraðstoðin sé óhlutdræg, styðji ekki á nokkurn hátt við tiltekin trúar-, stjórnmála-, hagfræði- eða hernaðarleg markmið og mismuni ekki ólíkum hópum fólks. Aðstoðin skal jafnframt virða alþjóðleg lög og reglur sem varða mannúð, flóttamenn og mannréttindi.

Matsviðmið ráðuneytisins fyrir mannúðarverkefni eru eftirfarandi:

1. Mannúðaraðstoðin hæfir þeirri neyð sem um ræðir.
2. Mannúðaraðstoðin er tímanleg og skilvirk.
3. Mannúðaraðstoðin styður við staðbundna getu og neikvæð áhrif hennar eru lágmörkuð.
4. Mannúðaraðstoðin byggir á virkum samskiptum, þátttöku og endurgjöf.
5. Athugasemdir og ábendingar eru teknar til greina og þeim svarað.
6. Mannúðaraðstoðin er samhæfð og rímar vel við annað starf á vettvangi.
7. Aðilar miða stöðugt að því að læra og bæta starf sitt.
8. Starfsfólk fær nægilegan stuðning til að inna starf sitt af hendi með árangursríkum hætti og starfsumhverfi byggir á gildum jafnræðis og sanngirni.
9. Bjargir eru nýttar með ábyrgum hætti í þau viðfangsefni sem þær eru ætlaðar til.
10. Tekið er tillit til mannréttinda, jafnréttis kynjanna og umhverfissjónarmiða.

---

<sup>8</sup> Félagasamtök skulu leitast við að byggja starf sitt á grundvallarstöðlum fyrir mannúðarstörf, viðmiðum IASC fyrir mannúðaraðstoð, síðareglum Alþjóða Rauða krossins og Rauða hálfmánans og félagasamtaka fyrir mannúðaraðstoð.

Sérstakt skjal sem geymir viðmið matshópsins er að finna á vefsíðu stjórnarráðsins.<sup>9</sup>

## 5.4 Tilkynning um úthlutun

Ráðuneytið skal svara öllum umsóknum skriflega og færa rök fyrir niðurstöðu. Jákvæð afstaða til styrkumsóknar getur verið bundin skilyrðum, t.d. um endurskoðun á fjárhagsáætlun eða lagfæringu á verkefnaskjali. Slík skilyrði skulu tilgreind í svari ráðuneytisins.

Í þeim verkefnum sem ráðherra hefur samþykkt úthlutun til er boðað til fundar vegna undirritunar samnings. Nánar má sjá um samninga í lið 6.7.

## 5.5 Trúnaður

Umsóknir, þar með talið fylgiskjöl umsókna og matsblöð flokkast sem trúnaðargögn. Þau gögn eru eingöngu notuð við mat á umsóknum og eru ekki aðgengileg öðrum en matshóp og starfsmönnum ráðuneytisins í þeim tilgangi að leggja mat á umsóknirnar. Öll umsóknargögn og matsblöð eru varðveitt í málaskrá utanríkisráðuneytisins.

Allir þeir aðilar sem koma að afgreiðslu og mati umsókna hjá ráðuneytinu eru bundnir þagnarheiti.

Lýsing á verkefninu í hnottskurn, nafn styrkþega og upphæð styrks er þó undanskilið trúnaði og birt á heimasíðu ráðuneytisins ef til úthlutunar kemur.

---

<sup>9</sup> Sjá nánar: <https://www.utn.is/felagssamtok>

## 6. Framkvæmd og eftirlit

Framkvæmd styrkts verkefnis er á ábyrgð styrkþega og samstarfsaðila hans. Styrkþegum er skyld að kynna utanríkisráðuneyti eða Ríkisendurskoðun stöðu verkefnis sé þess óskað. Eftirlit er á hendi alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu ráðuneytisins og skal ráðuneytið og Ríkisendurskoðun hafa aðgang að öllum viðeigandi gögnum til að endurskoða fjárrreiður og framgang verkefnis.

Styrkþegi skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að fyrirbyggja hvers konar spillingu í tengslum við nýtingu fjármuna, sem og misbeitingu valds við framkvæmd verkefna. Heimilt er ráðuneytinu að stöðva greiðslu styrkveitinga og krefjast endurgreiðslu skili ábyrgðaraðili verkefnis ekki inn framvinduskýrslum, miklar breytingar verða á verkefni, eða vakni grunur um að fé sé ekki nýtt í samræmi við verkefnaskjal og fjárhagsáætlun. Jafnframt er ráðuneytinu heimilt að stöðva greiðslu styrkveitinga og krefjast endurgreiðslu vakni grunur um spillingu eða misbeitingu valds í tengslum við framkvæmd verkefnis, t.a.m. í kynferðislegum tilgangi, af hálfu eða í garð þeirra sem að verkefninu koma. Áður en ákvörðun um slíkt er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og leggja fram gögn máli sínu til stuðnings. Nánar er fjallað um þetta í samningum sem gerðir eru komi til úthlutunar.

Styrkþegar skulu hafa í starfsemi sinni og gera kröfu um að samstarfsaðilar sínir hafi, eða komi sér upp, verkferlum eða viðbragðskerfum fyrir viðtakendur aðstoðar til að bregðast við ábendingum um misnotkun eða misbeitingu valds.

Að verkefni loknu skal styrkþegi kynna ráðuneytinu árangur og niðurstöður þess með skriflegri skýrslu.

### 6.1 Fjármálastjórnun

Styrkþegar eru ábyrgir fyrir því að tryggja að samstarfsaðilar þeirra á vettvangi fylgi viðeigandi stöðulum varðandi bókhald og fjármálastjórn. Styrkþegar eru jafnframt ábyrgir fyrir því að tryggja að samstarfsaðilar hafi fullnægjandi getu og hæfni á þessu sviði. Kaup á vörum, vinnu og þjónustu skal vera í samræmi við alþjóðlegar reikningsskilavenjur og góðar innkaupavenjur.

Styrkþegar skulu viðhafa góða stjórnarhætti og sýna ráðdeild við nýtingu styrksins. Styrkþegar skulu setja stefnu um afstöðu sína og ráðstafanir gegn spillingu og siðareglur varðandi meðferð fjár. Styrkfé má aldrei renna beint til opinberra starfsmanna, íslenskra eða erlendra ríkja, í því skyni að greiða fyrir framgangi verkefnis sem sótt er um styrk fyrir. Styrkþegar eru jafnframt ábyrgir fyrir því að þjálfa og upplýsa sína samstarfsaðila um stefnu, siðareglur og aðra slíka staðla sem samstarfsaðilar þurfa að fara eftir. Styrkþegum er skyld að setja inn ákvæði um afstöðu og ráðstafanir gegn spillingu í þá samninga sem þeir gera við verktaka og undirverktaka.

## 6.2 Misnotkun fjár

Styrkþegar skulu án tafar upplýsa ráðuneytið skriflega um ólögmætar gjörðir, spillingu eða misnotkun fjár sem styrkþegar komast á snoðir um eða þeim hefur verið bent á, hvort sem slíkt á sér stað innan samtaka styrkþega sjálfra eða samstarfsaðila þeirra. Styrkþegar skulu rannsaka og ef nauðsyn ber til, grípa til ráðstafana gegn einstaklingum sem verða uppvísir að spillingu eða misnotkun fjár. Slíkar ráðstafanir geta til dæmis verið lögsókn, kæra til löggreglu, kvörtun, tilkynning til eftirlitsaðila eða brottvísun úr starfi. Styrkþegar skulu halda ráðuneytinu upplýstu um þær ráðstafanir sem gripið er til, framvindu úttekta og rannsókna, og láta ráðuneytinu í té lokaskýrslu þegar slíku ferli er lokið.

Vannýttar styrkupphæðir skulu endurgreiddar ráðuneytinu að verkefni loknu.

## 6.3 Frávik

Beiðni um frávik frá samþykktri fjárhagsáætlun skal send til ráðuneytisins áður en til útgjálfa kemur. Beiðni um frávik frá samþykktri fjárhagsáætlun skal send til ráðuneytisins áður en til útgjálfa kemur. Styrkþegum er þó heimilt að færa sem nemur 10 prósent af útgjöldum á meginútgjaldaliðum milli liða og ára. Valdi tilfærslurnar verulegum breytingum á verkefninu skal leita samþykkis ráðuneytisins.

## 6.4 Færsla milli fjárhagsára

Ef seinkun verður á verþáttum er leyfilegt að fresta útgjöldum milli ársfjórðunga og fjárhagsára, en þó einungis innan styrktímabilsins. Slíkar millifærslur á milli fjárhagsára skulu skýrðar og réttlættar í fjárhagsfirlitum. Félagasamtökin skulu þó leitast við að lágmarka slíkar millifærslur.

## 6.5 Greiðsla styrkja

Greiðslur styrkja skulu berast tímanlega inn á íslenska bankareikninga félagasamtaka, og ekki síðar en tveimur vikum eftir undirskrift samnings, annarri dagsetningu ef við á skv. samningi eða samþykkis vegna framvinduskýrslu. Ársreikningum, árituðum af löggiltum aðilum, vegna verkefnis skal skila til ráðuneytisins, þar sem fram koma tekjur og útgjöld þess. Til viðbótar skal ábyrgðarmaður styrkþega, sem getur verið framkvæmdastjóri eða prókúruhafi íslensku samtakanna, votta undirritaða reikninga verkefnisin. Farið skal eftir leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar sem nálgast má á vefsíðu stjórnaráðsins.<sup>10</sup> Skil á reikningum eru nánar útlistuð í úthlutunarsamningi.

Styrkir hærri en 20 milljónir eru greiddir út í áföngum eftir því sem framvinduskýrslum er skilað skv. leiðbeiningum frá Ríkisendurskoðun.

<sup>10</sup> Sjá nánar: <https://www.utn.is/felagasmotok>

## 6.6 Úttektir og árangursmat

Styrkhafar eru ábyrgir fyrir að fylgjast með árangri þeirra verkefna sem þeir þiggja styrki vegna og skulu árangursmiðaðar áætlanir og árangursrammar vera notaðir til grundvallar verkefna. Ráðuneyti og Ríkisendurskoðun hafa að auki rétt til að kanna og endurskoða reikninga verkefnis og/eða láta fara fram sjálfstæðar úttektir á framvindu verkefnis og fjárrreiðum. Úttektir af hálfu ráðuneytis skulu vera í samræmi við úttektarstefnu UTN og staðla DAC. UTN vaktar jafnframt framvindu verkefna og áskilur sér rétt til að senda fulltrúa sinn í vettvangsheimsókn. Félagasamtök skulu veita aðgang að viðeigandi gögnum, eignum og skjölum sem varða verkefnið fyrir úttektir og vöktun UTN.

## 6.7 Samningar

Gerðir eru skriflegir samningar um alla styrki vegna stakra mannúðarverkefna. Í samningum er m.a. kveðið á um útborgun styrkja, meðferð fjármuna og skýrsluskil.

## 7. Skýrslur

Félagasamtök skulu leitast við að starfa með skilvirkum og markvissum hætti. Samtökin skulu jafnan hvetja til úttekta á mannúðaraðstoð og tryggja að skýrslugjöf sé nákvæm, tímanleg og gagnsæ hvað varðar framkvæmd og fjármögnun. Úttektir og stöðuskýrslur vegna mannúðarverkefna eru gerðar af framkvæmdaaðilum og skulu vera á íslensku eða ensku, enda er uppsetning og framsetning ekki stöðluð af hálfu ráðuneytisins.

Ráðuneytið áskilur sér rétt til að kalla eftir ítarlegri upplýsingum frá styrkþega um vöktun og stöðu verkefna.

### 7.1 Framvinduskýrslur

Framvinduskýrslur eru gerðar af framkvæmdaaðilum. Þar er framgangur verkefnis miðað við verkáætlun reifaður og frávik skýrð. Skýrslurnar skulu byggjast á þeim árangursramma sem settur var fram í verkefnaskjali og vera einfaldar, skýrar og skorinorðar. Framvinduskýrslur skulu m.a. innihalda upplýsingar um aðföng og útgjöld, sem og vöktun verkefna og byggjast á árangursvísum sem settir eru fram í styrkumsókn.

Framvinduskýrslur skulu vera á íslensku eða ensku, en uppsetning og framsetning er ekki stöðluð. Skýrslur sem notaðar eru við verkefnastjórnun má nota við upplýsingagjöf til ráðuneytisins. Engu að síður er miðað við að í framvinduskýrslum séu eftifarandi upplýsingar:

- Forsíða með verkefnistitli, heiti styrkþega og umsjónaraðila verkefnis, útgáfudagsetningu, tímabili sem skýrslan spannar og nöfnum skýrsluhöfunda.
- Samanburður á árangri miðað við áætlanir.
- Samantekt á fjárútlátum samanborið við fjárhagsáætlun.
- Mat á vandamálum og áhættuþáttum, svo sem þeim sem skilgreindir eru í rökrammanum, sem gætu haft áhrif á árangur verkefnisins.
- Mat á nauðsyn þess að uppfæra áætlanir um aðgerðir, aðföng og væntanlegar afurðir, þ. á m. tillögur um aðgerðir til að lágmarka áhættu.

Framvinduskýrslum vegna langtímaþróunarsamvinnuverkefna skal skila á að minnsta kosti hálfs árs fresti til verkloka. Jafnframt skal skila ársskýrslum allra verkefna. Félagasamtök sem hljóta nýliðastyrki eða styrki til styttri þróunarsamvinnuverkefna skila einni framvinduskýrslu/lokaskýrslu yfir styrktímann. Þó skal greina tafarlaust frá aðstæðum sem torvelda framkvæmdir.

Ráðuneytið áskilur sér rétt til að kalla eftir ítarlegri upplýsingum frá styrkþega um vöktun og stöðu verkefna.

## 7.2 Lokaskýrslur

Í lokaskýrslu skal gerð grein fyrir aðföngum og útgjöldum verkefnis, auk þess sem greint skal frá framvindu þess yfir verkefnistímann. Koma skal fram hvort og hvernig þau markmið sem sett voru með verkefninu hafi náðst og mat lagt á áhrif (e. impact) þeirra. Skila skal lokaskýrslu til ráðuneytisins að öllu jöfnu eigi síðar en þremur mánuðum eftir verklok.

Ekki er staðlað form fyrir lokaskýrslur en skulu þær innihalda sömu atriði og framvinduskýrslur **og að auki**:

- Mat á árangri verkefnisins þ.e. að hve miklu leyti markmiðum þess var náð. Litið er til afrakstursins (e. *outcome*).
- Kyngreint mat á þróunaráhrifum verkefnisins, ef hægt er. Áhrif eru metin sem jákvæðar eða neikvæðar breytingar eða afleiðingar verkefnisins á markhópinn, greind eftir kyni og aldri, hvort sem þær voru ætlaðar eða ófyirséðar.
- Mat á sjálfbærni verkefnisins, þ.e. að hversu miklu leyti jákvæðra áhrifa verkefnisins muni gæta áfram eftir lok stuðningsins.
- Samantekt á lærðómi (e. *lessons learned*) af framkvæmd verkefnisins.

## 7.3 Reikningsuppgjör

Styrkþegi skal viðhalda vandaða fjármálastjórnun og tryggja vandaða fjármálastjórnun umsjónaraðila verkefnis á vettvangi sé sá aðili annar en styrkþegi. Sé umsjónaraðili (styrkþegi eða samstarfsaðila styrkþega á vettvangi) verkefnis á vettvangi annar en styrkþegi telst sá aðili samstarfsaðili styrkþega.

Skila skal reikningsuppgjöri að öðru jöfnu eigi síðar en þremur mánuðum eftir verklok. Í reikningsuppgjöri skal gera grein fyrir greiðslum umsjónaraðila verkefnis til framkvæmdaaðila þess.

